

Mánudaginn 10. ágúst.

Nr. 16/1914

Finnbogi G. Lárusson
gegn
Daniel Bernhöft.

Dómur:

Snemma í júnimánuði 1909 fékk áfrýjandi þessa máls, Finnbogi G. Lárusson kaupmaður á Búðum send 100 rúgbrauð frá stefnda Daniel Bernhöft bakara í Reykjavík, og nam reikningur stefnda fyrir brauðin með flutningsgjaldi og pokum utan um þau kr. 64.75. En reikning þennan taldi áfrýjandi sér óskýlt að borga, með því að hann ætti þessi rúgbrauð og mörg fleiri inni hjá stefnda samkvæmt ávísun á hann frá Helga Eiríkssyni bakara í Keflavík, er stefndi hefði samþykkt, en aðeins innleyst að nokkru leyti. Út af þessu höfðaði stefndi þetta mál fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn áfrýjanda og áfrýjandi jafnframt gagnsök á hendur stefnda. Voru málin dæmd í gestaréttinum 27. febrúar þ. á. þannig, að í aðalsökinni var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 64.75 með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1909 til borgunardags, en stefndi var sýknaður í gagnsökunni, og málskostnaður í aðalmáli og gagnsök lätin falla niður.

Þessum dómi hefir Finnbogi G. Lárusson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 20. marz þ. á., og krafist þess, að dóminum verði breytt samkvæmt kröfum hans fyrir gestaréttinum, þannig að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða sér kr. 227.55 með 6% ársvöxtum frá 2. júnimán. 1909 til borgunardags og málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst að undirréttardómurinn verði staðfestur og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Vorið 1906 fékk áfrýjandi hjá Helga Eiríkssyni bakara í Keflavík upp í viðskifti þeirra ávísun á stefnda fyrir 880 rúgbrauðum. Áfrýjandi sýndi stefnda ávísun þessa og lét hana verða eftir hjá honum; sjálfur var áfrýjandi þá að flytja í annan landsfjórðung. Árin 1906 og 1907 fékk hann hjá stefnda brauð út á ávísunina, en í apríl 1908, þegar áfrýjandi ætlaði að halda áfram úttektinni, skoraðist stefndi undan að láta fleiri brauð út á ávísunina, og gaf hann þá áfrýjanda viðurkenningu, dags. 6. apríl 1908 fyrir því, að hann, áfrýjandi, hefði aðeins fengið 354 rúgbrauð út á ávísun Helga. Áfrýjandi fékk þó í það sinn nokkuð af rúgbrauðum hjá stefnda, en þau borgaði hann um leið. Síðast fékk áfrýjandi hjá stefnda brauðasendingu þá, sem mál þetta er risið af, og hann neitaði að borga, af því að stefndi hefði átt að láta hana úti samkvæmt brauðávísuninni.

Það er krafa áfrýjanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér andvirði 526 rúgbrauða á 55 auro hvert, kr. 289.30 að frádregnum kr. 61.75 fyrir brauðasendinguna í júní 1909, eða kr. 227.55. Áfrýjandi styður þessa kröfu við það, að stefndi hafi samþykkt að innleysa ávísun Helga Eiríkssonar að fullu, því að hann hafi ekkert haft á móti að greiða hana, en að eins sagt, að hann gæti eigi fyrirvaralaust látið áfrýjanda hafa mjög mörg brauð í einu, en því til sönnunar, að stefndi hafi samþykkt ávísunina, telur áfrýjandi bæði það, að stefndi tók hana til sín, og það, að hann gaf áfrýjanda fýrgreinda viðurkenningu eða vottorð, og hinsvegar heldur áfrýjandi því fram,

að þó að hann borgaði stefnda brauðin, sem hann fékk hjá honum í apríl 1908, þá hafi það verið samkomulag þeirra, að fresta í það sinn frekari úttekt á ávísunina, þangað til Helgi Eiríksson stæði í skilum við stefnda.

Þessari umsögn áfrýjanda neitar stefndi og lýsir hana ranga í öllum atriðum, ávísunina tjáist hann eigi hafa samþykkt, sér hafi eigi dottið í hug að láta áfrýjanda fá fleiri brauð út í reikning Helga en þau, sem Helgi borgaði jafnharðan; en ávísunina kveðst stefndi hafa tekið við og geymt hana eftir beiðni áfrýjanda. Yfirlýsingin 6. apríl 1908 hafi alls eigi verið né átt að vera nein viðurkenning um það, að stefndi teldi sér skylt að svara út allri ávísunarupphæðinni, en að eins verið vottorð handa áfrýjanda um það, hve mikið hann hefði fengið út á ávísunina, til þess að hann gæti gengið eftir því hjá Helga, er á vantaði. Ennfremur er það rangt, að þeir áfrýjandi hafi komið sér saman um að fresta úttekt eftir ávísuninni, því að hann, stefndi, hafi beint neitað frekari úttekt, og áfrýjandi þá farið ofan af því og borgað brauðin sjálfur, er hann fékk hjá stefnda.

Margnefnd ávísun hefir eigi verið lögð fram, en það skiftir eigi máli, með því, að eigi er ágreiningur um það, hvað í henni hafi staðið, og áfrýjandi heldur því eigi fram, að stefndi hafi ritað samþykki sitt á hana. En það verður heldur eigi talið sannað á annan hátt, að stefndi hafi samþykkt að svara út á alla upphæð ávísunarinnar. Vottorðið, eða viðurkenningin, sem áfrýjandi vill byggja þetta á, er eigi þannig orðað, að í henni liggir nein skuldbinding í þessa átt, eða játning um eldri skuldbindingu, en það virðist eigi þurfa að leggja í hana annan skilning en þann, er stefndi hefir haldið fram og í

-sjálfu sér er eðlilegur. Það er eigi heldur heimild til að líta svo á, að stefndi, er hann hélt eftir ávísuninni eftir beiðni áfryjanda hafi með því samþykkt hana, en hitt verður að telja sennilegra, að áfryjandi, ef hann hefði fengið samþykki stefnda, hefði látið hann rita það á ávísunina og síðan varðveitt hana sjálfur. Þá styrkir það og málstað stefnda, að áfryjandi tók brauð hjá honum og borgaði þan vorið 1908, án þess að hafa, svo séð verði, neinn fyrirvara um rétt sinn samkvæmt ávísuninni. Og enn fremur bendir frásögn áfryjanda um það, að þeim stefnda hafi komið saman um að fresta úttekt á ávísuninni, þangað til Helgi stæði í skilum við stefnda, til þess, að stefndi hafi eigi lofað að láta meira út á ávísunina en hann fengi jafnóðum borgað hjá Helga.

Þar sem það, eftir því sem nú er sagt, eigi verður talið sannað, að stefndi hafi lofað áfryjanda að svara út á áminsta ávísun frekar en stefndi hefir kannast við, getur krafa áfryjanda um borgun á eftirstöðvum ávísununarinnar ekki tekist til greina, og verður því að dæma hann til að greiða stefnda, eftir kröfu hans, andvirði brauðanna, er hann fékk í júní 1909, kr. 64.75, með vöxtum eins og segir í gestaréttardóminum. Ákvæði dómsins um málskostnað samþykkjast einnig, og ber því að staðfesta hann í öllum greinum.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi Finnbofi G. Lárusson greiði stefnda Daníel Bernhöft 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Nr. 28/1914

Valdstjórnin

gegn

Páli Þorsteini Matthíassyni.

Dómur:

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum kærða Páli Þ. Matthíassyni skipstjóra á botnvörpuskipinu Snorri goði R. E. 141, fyrir brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum 6. apríl 1898, og var hann með lögreglu-réttardómi Vestmanneyjasýslu, uppkveðnum 31. marz þ. á., dæmdur í 2000 kr. sekt til landssjóðs, en öll veiðarfæri skipsins, þar með taldir dragstrengir, voru dæmd upptæk svo og allur affi innanborðs, eins og þetta var, þegar skipið kom til Reykjavíkur næst eftir brotið, og skyldi andvirði þess renna í Landssjóð.

Þessum dómi hefir verið skotið til landsyfirdómsins samkvæmt ósk hins kærða.

Hinn 21. marz þ. á. fór hreppstjóri Sigurður Sigurfinnsson að fyrirlagi sýslumannsins í Vestmannaeyjum á mótorbát til að athuga nokkur botnvörpuskip, er virtust